



## 14. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 20. október 2000

Dagskrá:

1. Trúnaðarmannaráðstefnan
2. Drög að fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun
3. Staðan í kjaraviðræðum
4. Beiðni um að birtir verði útdrættir úr fundargerðum miðstjórnar
5. Styrkir
6. Önnur mál.

Dagskrá trúnaðarmannaráðstefnu RSÍ, sem haldin verður 20. til 22. október kynnt og samþykkt.

Ráðstefnan verður að þessu sinni helguð samningatækni og samskiptum innan samninganefnda. Einnig verður farið yfir séreignalífeyrisjóð Lífiðnar og starfsemi RSÍ. Ný lög um fæðingar- og foreldraorlof verða kynnt

Drög að rekstrar- og framkvæmdaáætlunum fyrir árið 2001, fyrir sambandsjóð, styrktarsjóð og orlofssjóð lögð fram.

**Staðan í kjaraviðræðum hjá. RARIK, Ísal, Varnarliðinu, Ratsjárstofnun, Landsímanum, Steinullarverksmiðjunni, Járnblendinu og Kísilverksmiðjunni, Landsvirkjun. Launanefnd sveitarfélaga og Almenni samningurinn rædd.**

Beiðni um að birtir verði útdrættir úr fundargerðum miðstjórnar samþykkt.

Í tilefni af 25 ára afmæli Fjölbrautaskólans í Breiðholti var ákveðið að gefa Rafiðnaðardeild skólans 12 forritanleg stýrikerfi af Logo gerð frá Siemens.

Samþykkt að styrkja Iðnnemasambandið fyrir þing sitt.

Umræður um aukna fjölbreytni í rekstri orlofshúsa.  
GG ritaði fundargerð í forföllum ritara